

300 króna bætur samkvæmt þessum lið. Samkvæmt þessu verður ákærður því dæmdur til að greiða Gunnari kr. 374,00 í skaðabætur.

Ákærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Adolps Bergssonar lögfræðings, kr. 50,00.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Steingrímur Magnús Guðmundsson, greiði 150 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði Gunnari Sigursveini Arnbjarnarsyni kr. 374,00 innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Adolps Bergssonar lögfræðings, kr. 50.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 15. janúar 1940.

Nr. 102/1939. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Berent Karli Berentssyni
(Lárus Jóhannesson).

Ólögleg áfengissala.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum málslyktum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði, Berent Karl Berentsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálf lutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Lárusar Jóhannessonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 12. sept. 1939.

Ár 1939, þriðjudaginn 12. september, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af Valdimar Stefánssyni, fulltrúa lögreglustjórans, upp kveðinn dómur í málinu nr. 1801/1939: Valdstjórnin gegn Berent Karli Berentssyni, sem tekið var til dóms 11. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Berent Karli Berentssyni, atvinnulausum til heimilis í Tjarnargötu 3 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935. Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 27. desember 1902, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1922	$\frac{3}{6}$	Sætt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannaþæri.
1925	$2\frac{9}{10}$	Sætt: 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1927	$1\frac{9}{4}$	Sætt: 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1927	$2\frac{4}{6}$	Sætt: 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1928	$1\frac{3}{4}$	Sætt: 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1930	$2\frac{6}{5}$	Sætt: 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1930	$2\frac{9}{6}$	Sætt: 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1932	$3\frac{1}{5}$	Sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1933	$\frac{2}{1}$	Sætt: 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1934	$1\frac{4}{3}$	Sætt: 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1934	$\frac{4}{5}$	Sætt: 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
1934	$3\frac{1}{8}$	Kærður fyrir fylliri og barsmiðar í heimahúsum. Ekki talin ástæða til málssóknar.

- 1934 $1\frac{1}{9}$ Sætt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1934 $2\frac{6}{10}$ Sætt: 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
- 1934 $2\frac{8}{10}$ Sætt: 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.
- 1934 $2\frac{7}{12}$ Sætt: 75 kr. sekt og 75 króna skaðabætur fyrir ölvun og mótlþróa við lögregluna.
- 1935 $2\frac{3}{4}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Látið falla niður.
- 1935 $2\frac{8}{1}$ Kærður fyrir sama. Látið falla niður.
- 1935 $\frac{9}{3}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1935 $3\frac{0}{3}$ Sætt: 30 kr. sekt fyrir ölvun og mótlþróa við lögreglu.
- 1935 $1\frac{3}{5}$ Sætt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1935 $2\frac{1}{6}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.
- 1935 $\frac{9}{9}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.
- 1935 $1\frac{4}{11}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.
- 1936 $\frac{8}{2}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.
- 1936 $\frac{6}{3}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.
- 1936 $2\frac{2}{7}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.
- 1936 $1\frac{1}{10}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.
- 1937 $2\frac{0}{1}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.
- 1937 $1\frac{8}{5}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.
- 1937 $1\frac{4}{9}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 400 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
- 1938 $\frac{1}{2}$ Dómur sama réttar: 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 600 kr. sekt fyrir áfengissölu. Staðfest í hæstarétti $\frac{9}{4}$ 1938, nema sektin hækkuð í 700 krónur.
- 1938 $1\frac{1}{7}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1939 $\frac{4}{5}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.
- 1939 $2\frac{8}{7}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.
- 1939 $1\frac{3}{8}$ Sætt: 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.

Undanfarið hefir lögreglan haft sterkan grun um, að kærði seldi stöðugt áfengi. Það er upplýst, að kærði, sem er og hefir verið eigna- og atvinnulaus, hefir engan opinberan styrk fengið og hefir ekki hlotið þá hjálp skyldmenna, að nægt hafi getað til framfærslu hans. Fyrir liggur skýrsla lögreglunnar um, að kærði hafi undanfarið neytt nokkurs áfengis, enda sýnir hegningarvottorð hans það einnig, og að hann, eftir ýmsum ytri kringumstæðum að dæma, skorti ekkert. Þá er það sannað, að kærði hefir undanfarinn langan tíma flesta daga fram á kvöld og stund-

um fram á nætur gengið fram og aftur um göturnar í grennd við höfnina, aðallega Hafnarstræti, Kolasund, Veltusund og steinplanið við höfnina, og hagað sér svipað þeim mönnum, sem uppvisir hafa orðið að sölu áfengis á götunum.

Við handtöku kærða hafði hann á sér fjóra tóma whiskypela og aðra fjóra meðferðis, og í herbergi hans voru tíu tómar brennivinsflöskur og einn peli með brennivíni. Fyrir tómu pelunum hefir kærði gert þá grein, að hann hafi ætlað að eiga þá og nota þá undir ýmislegt, t. d. lýsi, en frekar virðist það ósennilegt, þar sem um einhleypan mann er að ræða.

Þrjú vitni hafa komið fram í málinu, sem borið hafa, að kærði hafi selt þeim áfengi. Vitnið Haukur Magnússon, koparsmiður, hefir borið, að kvöld eitt fyrir fáum vikum hafi sig langað í vin eftir lokunartíma áfengisbúðarinnar og þá hitt kærða í Hafnarstræti og falast eftir áfengi hjá honum. Gengu þeir þá inn í Kolasund, og afhenti kærði honum þar whiskypela, fullan af brennivíni, og kostaði hann 5 krónur. Enginn þriðji maður var viðstaddur kaup þessi. Þá kveðst sama vitni áður hafa keypt áfengi af kærða nokkrum sinnum og hafi eitthvað af þeim kaupum áreiðanlega farið fram, eftir að kærði var síðast dæmdur fyrir áfengissölu. Þessi kaup fóru fram þannig, að vitnið hitti kærða á götunum, helzt við höfnina, og bað hann þar um áfengi. Fóru kaupin síðan fram einhversstaðar afsíðis.

Vitnið Pétur Hoffmann Salomonsson, fiskkaupmaður, hefir borið, að kvöld eitt seint í síðastliðnum októbermánuði hafi sig langað í vin eftir lokunartíma áfengisbúðarinnar og þá hitt kærða á planinu við Tryggvagötu og keypt þar af honum einn whiskypela, fullan af brennivíni, fyrir kr. 5.50, og fór afhendingin fram í hléi við kaffivagn, sem stóð á planinu. Enginn þriðji maður var þarna viðstaddur. Áður kveðst vitnið hafa keypt áfengi af kærða, en síðan séu mörg ár.

Vitnið Katrín Svava Alexandersdóttir var í vist hjá konu einni hér í bænum sumarið 1938 og fram að mánaðamótum nóvember og desember það ár. Á þessu tímabili sendi húsmóðir hennar hana tíðum á kvöldin, einkanlega um helgar, út til að kaupa áfengi, en vitnið kvaðst þekkja mann,

sem hún gæti keypt af áfengi. Hefir vitnið borið, að fyrri hluta vetrarins hafi hún í tvö eða þrjú skipti keypt brennivín af kærða, sem hún þekkti og hafði heyrt, að seldi áfengi. Í þessi skipti hitti vitnið kærða í Hafnarstræti, og fór hann í öll skiptin með henni inn í forstofu hússins Hafnarstræti 18 og seldi henni þar áfengið, án þess fleiri væru viðstaddir. Áfengið var brennivín í whiskypelum, sem kærði hafði á sér, og kostaði pelinn kr. 5.50. Öll vitnin hafa staðfest framburð sinn með eiði.

Eins og atvikum nú hefir verið lýst og með tilliti til fortiðar kærða, þykja vera fram komnar nægilegar sannanir fyrir því, að kærði hafi síðan hann síðast var dæmdur fyrir áfengissölu, gerzt sekur um áfengissölu, en eigi er unnt að gera sér grein fyrir, hve veruleg hún hefir verið.

Kærði hefir því gerzt brotlegur við 15. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga og 1000 króna sekt til menningarsjóðs, er afplánist með einföldu fangelsi í 45 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 50,00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Berent Karl Berentsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga og greiði 1000 króna sekt til menningarsjóðs, er afplánist með einföldu fangelsi í 45 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 50,00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.